



Alþýðusamband Íslands

Fastanefndir ASÍ og skipun þeirra

Nefndirnar undirbúa stefnumótun og ákvarðanatöku á vettvangi miðstjórnar ASÍ og þinga sambandsins og fylgja eftir samþykktum miðstjórnar og þinga.

Málefnanefndir:

Alþjóðanefnd

Norrænt samstarf, samstarf á Evrópuvísu og alþjóðasamstarf, þ.m.t. Alþjóða vinnumálastofnunin (ILO). Upplýsingamiðlun/upplýsingaskipti og samráð við aðildarsamtök ASÍ um alþjóðasamstarf.

Efnahags-, skatta- og atvinnumálanefnd

Umfjöllun um efnahags- og skattamálin með sérstakri áherslu á jöfnuð og útfærslu skattkerfisins. Stefnumótun og starf að atvinnumálum almennt og stefnumótun í byggðamálum sérstaklega.

Húsnæðisnefnd

Umfjöllun um húsnæðismál og fjármögnun; félagslega húsnæðiskerfið, almenna húsnæðiskerfið og séreignarfyrirkomulag

Jafnréttis- og vinnumarkaðsnefnd

Stefnumótun og starf að jafnréttis- og fjölskyldumálum. Málefni útlendinga. Frumkvæði og eftirlit með setningu laga og reglna á sviði vinnuréttar þ.m.t. vinnuverndar, vinnulöggjöfin og leikreglur á vinnumarkaði.

Lífeyris-, heilbrigðis og trygginganefnd

Stefnumótun í lífeyris- og heilbrigðismálum og almannatryggingum.

Mennta- og kynningarnefnd

Stefnumótun um menntamál, félagslega fræðslu og kynningarmál ASÍ og starf að mennta- og fræðslumálum almennt.

Umhverfis- og neytendanefnd

Stefnumótun og starf að umhverfis- og loftslagsmálum almennt og með sérstöku tilliti til þróunar atvinnumála, auðlindanýtingar, atvinnuuppbyggingar og neytendamála.

Nefndir fyrir innri málefni:

Laganefnd

Nefndin undirbýr umsagnir miðstjórnar vegna laga aðildarfélaganna og reglugerðir sjúkrasjóða.

Nefndin starfar í nánú samstarfi við skipulags- og starfsháttanefnd og skal að jafnaði skipuð 3 miðstjórnarmönnum sem jafnframt eigi sæti í skipulags- og starfsháttanefnd.

Skipaður starfsmaður nefndarinnar er lögmaður ASÍ.

Starfs- og fjárhagsnefnd

Skipuð þremur miðstjórnarmönnum. Verkefni nefndarinnar er að starfa með forsetum ASÍ og framkvæmdastjóra við undirbúning að gerð og kynningu á starfs- og fjárhagsáætlun sambandsins fyrir næstkomandi ár. Fulltrúar miðstjórnar í starfs- og fjárhagsnefnd skipa jafnframt launanefnd ASÍ sem heyrir beint undir forseta.

Skipulags- og starfsháttanefnd

Fylgja eftir lögum ASÍ og móta starfsreglur og framkvæmd vegna þeirra. Vettvangur umfjöllunar um gerð og þróun samstarfssamningsins.

Skipun í nefndir:

Miðstjórn skipar einn fulltrúa í hverja nefnd og tvo kjörna starfsmenn. Landssamböndin innan ASÍ skipa hvert um sig einn fulltrúa og annan til vara í hverja nefnd og félög með beina aðild einn fulltrúa sameiginlega og annan til vara.

Þá á ASÍ-UNG rétt til að tilnefna fulltrúa í allar málefnanefndir. Fulltrúar ASÍ-UNG skulu fá send fundarboð og fundargerðir viðkomandi málefnanefndar, sem og önnur gögn er varða starfsemi nefndarinnar til jafns við nefndarmenn.

Starfsreglur:

Nefndunum eru settar starfsreglur sem samþykktar eru af miðstjórn.